

Kynfæravörtur

Upplýsingarit



ÚTGEFANDI:

LANDSPÍTALI - HÁSKÓLASJÚKRAHÚS
KVENLÆKNINGAÐEILD 21A
NÓVEMBER 2006 - 1. ÚTGÁFA

HÖFUNDAR OG ÁBYRGÐARMENN:

HRUND MAGNÚSDÓTTIR, HJÚKRUNARFRÆÐINGUR
HARPA HILMARSDÓTTIR, HJÚKRUNARFRÆÐINGUR

YFIRLESTUR:

ANNA Þ. SALVARSDÓTTIR, KVENSJÚKDÓMALÆKNIR,
KARL ÓLAFSSON, KVENSJÚKDÓMALÆKNIR OG
HANNA KRISTÍN GUÐJÓNSDÓTTIR, HJÚKRUNARDEILDARSTJÓRI

HÖNNUN: KYNNINGARMÁL LSH/AV

LIÓSMYND: KYNNINGARMÁL LSH/AV

Systur (Útþrá) 1934 - Ásmundur Sveinsson

Kynfæravörtur

Upplýsingar fyrir sjúklinga

Þær upplýsingar sem hér fara á eftir eru ætlaðar konum sem koma inn á kvenlækningadeild til að láta fjarlægja vörtur af kynfærum.

Vörtur á kynfærum stafa af veiru sem kallast HPV (Human Papillomavirus). Til eru margar gerðir af þessari veiru og valda þær mismunandi einkennum. Sumar vörtur er ekki auðvelt að sjá með berum augum og valda engum óþægindum. Í mörgum tilfellum veit einstaklingurinn ekki að hann hefur vörtur. Einkenni geta komið fram einum til átján mánuðum eftir að smitun á sér stað. Þá verður vart við vörtur, kláða í kynfærum eða aukna útferð frá leggöngum. Vörtur á kynfærum smitast við samfarir við einstakling sem er með vörtur. Þær geta komið í leggöng, í kringum leggangaop, á skapabarma og við endaparmsop.

Ástæður þess að konur þurfa að láta fjarlægja vörtur í aðgerð er yfirleitt sú að vörturnar eru stórar, eru inni í leggöngum og önnur meðferð hefur ekki dugað.

Við viljum að þér líði eins vel á sjúkrahúsinu og nokkur kostur er. Ef spurningar vakna hjá þér eða þú hefur áhyggjur af líðan þinni erum við alltaf tilbúin að reyna að greiða úr því eins og hægt er.

Með ósk um góðan bata!
Starfsfólk kvenlækningadeildar

Landspítali - háskólasjúkrahús

Skiptiborð - sólarhringsþjónusta 543 1000

Kvenlækningadeild 21A 543 3263 og 543 3264

Vinsamlegast athugið að sjúkrahúsið getur ekki borið ábyrgð á peningum eða öðrum verðmætum svo sem símum, tölvum o.fl. sem sjúklingar eða aðstandendur hafa meðferðis.

Athygli skal vakin á því að starfsfólk og nemendur sjúkrahúsins eru bundnir þagnarskyldu og mega því ekki ræða við þig eða aðra um málefni sjúklinga á deildinni. Við viljum vinsamlegast biðja þig og aðstandendur þína að ræða ekki það sem þið kunið að verða vitni að eða heyra um aðra sjúklinga á deildinni.

Landspítali er kennslusjúkrahús og nemendur í heilbrigðisfræðum og tengdum greinum stunda hluta af námi sínu á sjúkrahúsinu. Nemendur fylgjast með og taka þátt í daglegri meðferð sjúklinga og eru alltaf á ábyrgð og undir handleiðslu leiðbeinenda sinna.

Undirbúningur fyrir aðgerð

Undirbúningur fyrir aðgerð er mjög mikilvægur. Starfsfólk deildarinnar fær hjá þér nauðsynlegar upplýsingar til að meta heilsufar þitt og undirbúa dvöl þína á deildinni. Þú þarft að mæta í innritun að morgni daginn fyrir aðgerð.

Viðtal við lækni

Læknir fær hjá þér upplýsingar um heilsufarssögu þína og skráir. Hann útskýrir aðgerðina og hverju þú getur átt von á . Þú þarft að undirrita upplýst samþykki fyrir aðgerð, hafi það ekki verið gert áður. Læknir metur hvort þörf er á frekari rannsóknum fyrir aðgerð.

Viðtal við hjúkrunarfræðing

Hjúkrunarfræðingur ræðir við þig og skipuleggur hjúkrun sem stuðlar að sem bestri líðan þinni. Þú færð líka fræðslu um undirbúning fyrir aðgerð og við hverju þú mátt búast í tengslum við hana. Heimferð þín er einnig undirbúin með tilliti til þarfa þinna og aðstæðna.

Kvöldið fyrir aðgerð

- Gott er að forðast þunga máltíð daginn fyrir aðgerð.
- Þú þarft að fara í sturtu kvöldið fyrir aðgerð eða að morgni aðgerðardagsins. Aðgerðarsvæðið þarf að þvo vel.
- Þú skalt fjarlægja naglalakk og andlitsfarða og ekki nota krem, olíur eða önnur ilmefni á líkamann fyrir aðgerð.
- Best er að skilja skartgripni og önnur verðmæti eftir heima.
- Þú þarft að vera fastandi á mat og drykk frá miðnætti kvöldið fyrir aðgerð.
- Ekki má reykja eftir miðnætti vegna aukinnar hættu á fylgikvillum við svæfingu.

Aðgerðardagur

Þú mætir á kvenlækningadeild 21A í kvennadeildarhúsinu kl: 7:15 - 7:30. Stuttu fyrir aðgerðina færðu lyf sem hjálpar þér að slaka á. Þér er ekið í rúminu á skurðstofuna rétt fyrir aðgerð og þar tekur starfsfólk skurðeildar á móti þér.

Aðgerðin

Aðgerðin er gerð í svæfingu og tekur um 10 mínútur. Allar vörtur sem sjást eru brenndar með sérstöku tæki, bæði þær sem eru inni í leggöngum og þær sem eru utan þeirra. Ef vörtur eru mjög stórar er stundum nauðsynlegt að skera þær í burtu í stað þess að brenna þær. Helsti fylgikvilli við aðgerðina eru verkir, en þá er hægt að lina með staðdeyfandi hlaupi sem þú færð með þér heim. Sýkingar eru fátíðar eftir aðgerðina, en yfirborðsýkingar í húð koma þó einstaka sinnum fyrir og eru þær meðhöndlaðar í samráði við lækni.

Eftir aðgerð

Þú verður flutt á vöknun og jafnar þig þar eftir aðgerðina og svæfinguna. Þar ertu í stutta stund undir eftirliti hjúkrunarfræðings áður en þú ert flutt aftur á kvennadeildina.

Næring

Þú verður fastandi fyrst eftir aðgerðina. Þú finnur kannski fyrir ógleði eftir svæfinguna og færð þá lyf við því eftir þörfum. Mikilvægt er að láta hjúkrunarfólk vita af líðan þinni. Ef engin ógleði hrjáir þig færðu vatn að drekka. Ef það fer vel í þig færðu létt fæði áður en þú útskrifast.

Særindi í hálsi

Þú getur þurft að fá súrefni í nös meðan þú ert að jafna þig eftir svæfinguna. Í aðgerðinni er kokrenna sett niður í hálsinn til að halda öndunarveginum opnum. Það veldur því að þú getur fundið fyrir særindum í hálsi eða hálsbólguéinkennum fyrstu tvo dagana.

Verkir

Þú færð verkjalyf til að minnka verki og auðvelda þér að hreyfa þig. Verkjalyf eru gefin eftir þörfum hvers og eins. Einnig er gefið deyfíkreim til að minnka verki og kláða á aðgerðarsvæði. Mikilvægt er að láta hjúkrunarfræðing vita um líðan þína svo hægt sé að meðhöndla verkina um leið og þess þarf.

Hreyfing

Hjúkrunarfræðingur eða sjúkraliði aðstoðar þig við að fara fram úr rúminu í fyrsta skipti ef með þarf.

Þvaglát

Mikilvægt er að hafa þvaglát fyrir heimferð, þar sem einn af fylgikvillum aðgerðarinnar er þvagtregða.

Útskrift

Útskrift er samdægurs, en það fer þó eftir því hversu mikil aðgerðin var og er alltaf í samráði við lækni. Hjúkrunarfræðingur mun gefa þér upplýsingar og leiðbeiningar um heimferð.

Verkir

Eftir aðgerðina getur þú fundið fyrir verkjum í nokkra daga. Það er því mikilvægt að taka verkjalyf og setja deyfikrem (xylocain) í grisju við aðgerðarsvæðið fyrstu dagana til að minnka verki og óþægindi. Oft hjálpar að taka inn bólgueyðandi lyf svo sem Íbúfen. Þú skalt þó forðast að taka bólgueyðandi lyf ef þú hefur áður fengið magabólgur eða magasár. Láttu lækni og/eða hjúkrunarfræðing vita ef svo er.

Vinna og hreyfing

Ráðlögð hvíld frá vinnu er 1 - 2 dagar. Allt fer þetta þó eftir aldri, líkamlegri og andlegri líðan og því hvernig vinnu þú stundar. Þú skalt forðast mikla áreynslu svo sem leikfimi, sund og erfið heimilisstörf í 3 - 5 daga eftir aðgerð.

Kynlíf

Óhætt er að hafa samfarir 3 - 4 vikum eftir aðgerð. Það fer þó allt eftir líðan þinni. Mikilvægt er að nota smokka fyrstu 4 - 6 mánuðina eftir vörtubrennslu. Gættu varfærni við samfarir þar sem slímhúðin í leggöngunum er viðkvæm fyrir ertingu í nokkrar vikur eftir aðgerðina.

Mikilvægt er að viðhafa gott hreinlæti og fara eingöngu í sturtu en ekki í bað fyrstu vikurnar. Nauðsynlegt er að skola aðgerðarsvæðið vel. Stundum getur verið gott að setja grisju milli skapabarma til að minnka raka á aðgerðarsvæði.

Æskilegt er að nota bindi en ekki túrtappa.

Nauðsynlegt er að maki þinn eða vinur fari í skoðun til þvagfæra- eða húðsjúkdómalæknis til að athuga hvort hann er með vörtur, þrátt fyrir að hann hafi engin einkenni.

Eftirskoðun

Mikilvægt er að fara í krabbameinsskoðun, þar sem frumustrok er tekið úr leghálsi, eigi síðar en einu ári eftir aðgerð.

Ekki er víst að þú þurfir að koma í eftirskoðun. Það fer eftir aðgerðinni sem gerð var og þú færð að vita það þegar þú útskrifast. Læknir mun svo fljótlega hringja í þig með niðurstöðum úr vefjarannsóknunum, ef þær hafa verið gerðar, og til athuga með líðan þína.

Hafðu samband við deildina:

- ef þú finnur fyrir auknum eymslum eða verður vör við vessa, roða, bólgu og hita í skurðsvæðinu.
- ef líkamshiti fer yfir 38°C hita.
- ef þú færð illa lyktandi útferð eða slæma verki.
- ef þú ert með sviða, verki yfir lífbeini og tíð þvaglát.

